



Reykjavík, 22. febrúar 2019
Fundargerð 179. fundar

Tilvísun: 00060002

Föstudaginn 22. febrúar 2019 var haldinn 179. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 09:00.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Sverrisson, Ásgerður Halldórsdóttir. Áslaug Hulda Jónsdóttir í fjarveru Gunnars Einarssonar og Ágúst Bjarni Garðarsson í fjarveru Rósu Guðbjartsdóttur.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri og Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Ársreikningur 2018, fyrri umræða

Ársreikningur SHS samstæðu 2018 lagður fram til fyrri umræðu.

Eftirfarandi lagt fram:

- Ársreikningur SHS samstæðu 2018, drög, ódags.

Afgreiðsla: Kynning.

2. Lóð fyrir slökkvistöð

Umræða um lóð fyrir nýja slökkvistöð í stað stöðvarinnar við Tunguháls.

Afgreiðsla: Stjórn samþykkir að sækja um lóð fyrir nýja slökkvistöð við Jafnasel í Reykjavík. Jafnframt að senda Samgönguyfirvöldum áskorun um að flýta framkvæmdum við Arnarnesveg til að tryggja betur öryggi íbúa svæðisins.

3. Ný „björgunarmiðstöð“

Erindi frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu, ósk um þátttöku SHS í frumþarfagreiningum vegna skoðunar á möguleikum á sameiginlegu húsnæði fyrir lögreglu og viðbragðsaðila.

Eftirfarandi lagt fram:

- Sameiginlegt húsnæði, þátttaka SHS í frumþarfagreiningum, dags. 7. febrúar 2019.

Afgreiðsla: Frestað. Óskað er eftir frekari gögnum og nánari kynningu á næsta stjórnarfundi.

4. Önnur mál

4.1. Búseta í atvinnuhúsnæði

Slökkviliðsstjóri ræddi hugmyndir sínar um verklag við sameiginlega aðkomu SHS og sveitarfélaganna að málefninu.

Afgreiðsla: Tillaga um að setja saman vinnuhóp, samsetning og erindisbréf verða tekin fyrir á næsta fundi.

Fundi slitið klukkan 10.00.

Næsti fundur verður föstudaginn 15. mars 2019.

Fylgiskjöl:

- Ársreikningur SHS samstæðu 2018, drög, ódags.
- Sameiginlegt húsnæði, þátttaka SHS í frumþarfagreiningum, dags. 7. febrúar 2019.

Dagur B. Eggertsson

Ármann Kr. Ólafsson

Ásgerður Halldórsdóttir

Áslaug Hulda Jónsdóttir

Haraldur Sverrisson

Ágúst Bjarni Garðarsson